FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934.

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/760
komudagur 7.2.2006

**Nefndasvið Alþingis,**
**Sjávarútvegsnefnd,**
**Austurstræti 8-10,**
**150 Reykjavík.**

**Reykjavík 1. febrúar. 2006**

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um fiskverndarsvæði við Ísland, 52. mál**

FFSÍ vill beina því til flutningsmanna tillögunnar að fara inn á heimasíðu Fiskistofu og skoða yfirlitskort yfir Reglugerðir og friðunarsvæði við Ísland 2006.

Þar ber að líta ótrúlega víðáttumikil veiðisvæði sem eru ýmist lokuð fyrir öllum veiðum,eða háð notkun fiskiskilju. Sem dæmi um svæði sem enginn getur rökstutt hversvega ekki er opið öllum veiðum er 12 sml. radius umhverfis Kolbeisey sem lokað hefur verið í aldarfjórðung út af því að þar veiddist fiskur undir máli í árdaga þegar ég var korn ungur maður. Fleiri svæði mætti nefna þar sem forsendur eru bæði veikar og gleymdar.

Það er löngu tímabært að stokka þetta fyrirkomulag upp frá grunni með það markmið að í stað núverandi ástands ( fyrirkomulags) verði valin svæði, vandlega ígrunduð af hæfustu sérfræðingum með langtímalokun í huga og þau hólf sem til staðar eru verði tekin til gagngerrar endurskoðunar með hliðsjón af þeim upplýsingum sem til er auk þess sem afla þarf nýrra ef nauðsyn krefur.

Virðingarfyllst,
F.h.Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason